

Fimmtudaginn 21. mars 1985.

Nr. 114/1983. **Porgeir Þorgeirsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Ríkisútvarpinu

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Höfundaréttur. Fyrning. Réttarfarsneitun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 24. maí s.á. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 144.686,00 krónur með dómvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra, dags. 15. febrúar 1983, ekki 1982, eins og misritast hefur í leyfinu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt vottorð tveggja manna um það, hvenær hann hafi hafist handa um kröfugerð á hendur stefnda. Stefndi hefur mótmælt vottorðum þessum sem óstaðfestum utanréttarvottorðum og sem of seint fram komnum í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms svo og til yfirlýsingar Gests Þorgrímssonar og Ragnars Þorgrímssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Geysismynda h/f, sem frammi liggur í málinu, ber að staðfesta þá úrlausn dómsins, að ósannað sé, að Geysismyndir h/f eigi höfundarétt, sem áfrýjandi telur til vegna gerðar kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta“. Einnig er ósannað, að áfrýjandi hafi afsalað sér nokkrum höfundarétti vegna kvikmyndarinnar til Albýðuleikhússins eða framselt því fjárkröfu þá, er hann hefur uppi í máli þessu á hendur stefnda. Viðurkennt er, að stefndi sýndi kvikmyndina 12 sinnum í sjónvarpi.

Á áfrýjandi rétt á því að fá úr því skorið í dómsmáli, hvort með því hafi verið brotinn höfundarréttur hans. Verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina af þeim sökum, að málsaðild sé röng.

Eins og réttilega greinir í héraðsdómi, er upplýst og óumdeilt í málinu, að með samningi áfrýjanda og Geysismynda h/f hafi Skipaskoðun ríkisins „eignast rétt til að sýna kvikmyndina án endurgjalds í kvikmyndahúsum, skólum, á námskeiðum og fundum, þar sem ekki var seldur aðgangur.“

Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda þykir ekki sannað, að frekari afnot myndarinnar hafi verið heimiluð, þar á meðal flutningur í sjónvarpi. Brast því stefnda heimild til sýninga á henni án endurgjalds, enda verður að telja, að sjónvarpsstöð stefnda sé stofnun viðskiptalegs (commercial) eðlis. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda réttur til bóta samkvæmt 56. gr. laga nr. 73/1972.

Eigi verður á það fallist, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum sakir tómlætis. Hins vegar er hluti af kröfu hans fyrndur. Héraðsdómsstefna var birt 30/12 1981. Af þeim 12 sýningum kvikmyndarinnar, sem að framan getur, áttu fjórar sér stað á tímabilinu 26/12 1966 — 4/1 1971. Hinar fóru fram á tímabilinu 1/4 1973 — 16/1 1979. Með vísan til 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 eru bætur vegna fjögurra fyrstu sýninganna niður fallnar vegna fyrningar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á samningi stefnda og Félags kvikmyndagerðarmanna, dagsettum 25. febrúar 1980. Samningur þessi þykir ekki eiga við um atvik máls þessa, sem áttu sér stað allöngu fyrir gildistöku hans. Verður því að meta bætur til áfrýjanda eftir álitum. Þegar virt er framlag hans við gerð kvikmyndarinnar og annað, sem máli skiptir í því sambandi, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 50.000,00 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms skal vera óraskað.

Stefndi greiði 35.000,00 krónur í málkostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 25.000,00 krónur.

Athugavert er, að í málinu hafa verið lögð fram skjöl og teknar skýrslur fyrir dómi, sem í raun hafa að geyma málflutning.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, greiði áfrýjanda, Þorgeiri Þorgeirssyni, 50.000,00 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 14. janúar 1982 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Stefndi greiði 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um, að sýknu-krafa stefnda verði ekki tekin til greina að því leyti sem hún er sér-staklega á því reist, að málsaðild sé röng.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi afsalað til skipaskoðun-arstjóra (Skipaskoðunar ríkisins) þeim þætti höfundaréttar vegna kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta“, sem hann nefnir „non-commercial“ dreifingarrétt, en hann telur, að eftir sem áður eigi hann hinn svonefnda „commercial“ dreifingarrétt. Nánar hefur áfrýjandi skýrt þetta svo, að „commercial“ réttur, sá sem afsalið hafi ekki tekið til, sé „réttur til að dreifa verkinu í hagnaðar-skyni til borgandi aðila, svo sem sjónvarps og myndbandaleigu.“

Þegar umrædd kvikmynd var gerð, var sjónvarpsrekstur ekki hafinn og myndbandaleiga óþekkt hér á landi. Hefur það því líkur gegn sér, að sérstök afstaða hafi verið tekin til dreifingar myndar-innar með slíkum hætti í samningum Geysismynda h/f eða áfrýj-anda við skipaskoðunarstjóra. Viðurkennt er af áfrýjanda, að Skipaskoðunin öðlaðist m.a. rétt til að láta sýna myndina í kvik-myndahúsum, þótt þar væri seldur aðgangur, ef ekki var tekinn aðgangseyrir til viðbótar því, sem venjulegt var, vegna sýningar myndarinnar sem aukamyndar. Áfrýjanda, sem var einn forráða-

manna Geysismynda h/f, er tóku að sér gerð myndarinnar, hlaut að vera ljóst, að skipaskoðunarstjóri lét gera kvikmyndina til viðtækrar dreifingar með hverjum þeim hætti, sem hentastur þætti og líklegastur til almennrar kynningar á því efni, sem hún fjallaði um, og án þess að gert væri ráð fyrir, að gjald kæmi fyrir þær sýningar.

Sýning kvikmyndarinnar í sjónvarpi var að frumkvæði og eftir tilmælum skipaskoðunarstjóra, síðar Siglingamálastofnunar ríkisins, án gjaldtöku og í þeim tilgangi, sem að var stefnt með gerð kvikmyndarinnar. Verður að telja, að með sýningu myndarinnar á þennan hátt hafi Skipaskoðunin, síðar Siglingamálastofnunin, ekki farið út fyrir takmörk þess réttar, sem óumdeilt er, að stofnun þessi hafði öðlast til sýningar myndarinnar, án þess að gjald kæmi fyrir. Styður það og þennan skilning, að áfrýjandi hófst ekki handa, svo að sannað sé, með fjárkröfur sínar vegna sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi fyrr en á árinu 1978. Hafði myndin þá verið sýnd 10 sinnum í sjónvarpi og meira en 11 ár voru liðin frá fyrstu sýningu. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefndi hafi sýnt kvikmyndina með heimild frá þeim aðilja, sem til þess var bær að leyfa sýningu hennar með framangreindum hætti. Teljum við því, að staðfesta verði hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Við föllumst á atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað og á athugasemdir þeirra um málsmeðferð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. nóvember 1982, endurupptekið vegna forfalla dómarans frá störfum vegna meiðsla í desember, flutt og dómtekið á ný 5. þ.m., er höfðað hér í þinginu með stefnu, birtri 30. desember 1981, af Þorgeiri Þorgeirssyni, Bókhöfundastíg 6 B, Reykjavík, gegn Andrésí Björnssyni útvarpsstjóra f.h. ríkisútvarpsins, Skúlagötu 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum höfundarlaun samtals að fjárhæð kr. 144.686,00 með dómvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags og málskostnað alls, þar með talin málflutningslaun skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn fyrir „undirrétti“ í máli þessu með bréfi dómsmálaráðherra 6. október 1982.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Sáttatilaunir báru ekki árangur.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til greiðslu höfundarlauna fyrir sýningar í sjónvarpi stefnda á kvikmyndinni „Meðferð gúmmibjörgunarbáta“, sem Geysismyndir h.f. gerðu árið 1964 fyrir Skipaskoðun ríkisins. Myndin var sýnd í sjónvarpi Ríkisútvarpsins tólf sinnum, fyrst í desember 1966, en síðast í janúar 1979, og krefur stefnandi stefnda um greiðslur fyrir allar sýningarnar, sem hann telur heimildarlausar og óleyfilegar. Stefnandi hefur í málinu lagt fram á dskj. nr. 4 kröfubréf og reikning til menntamálaráðuneytis, dags. 5. janúar 1978, vegna höfundarréttar á kvikmyndinni og á dskj. nr. 11 kröfubréf til formanns útvarpsráðs, dags. 3. janúar 1979. Stefnandi hafnaði greiðslum, og var mál þetta því höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann sé höfundur kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmibjörgunarbáta“, sem hlutafélagið Geysismyndir hafi gert fyrir Skipaskoðun ríkisins. Þáverandi skipaskoðunarstjóri, Hjálmar R. Bárðarson, núverandi siglingamálastjóri, hafi leitað til hlutafélagsins um gerð myndarinnar, en stefnandi var þá í stjórn félagsins ásamt Gesti Þorgrímssyni, sem var framkvæmdastjóri, og Ragnari Þorgrímssyni, sem var formaður stjórnar. Stefnandi hafi samið kostnaðaráætlun fyrir væntanlega kvikmynd, dags. 2. júní 1964. Kostnaðaráætlunin sé í 11 liðum: Þar sé filma, framköllun, vinnukópía, klipping, negatíva, efni til tónsetningar og þjónustu við hana, ýmis annar kostnaður í laboratóri, laun fyrir stjórn og klippingu, aðstoðarmaður, tökuvel í 10 daga, klippiverkstæði í 80 klst, og ýmis kostnaður við tökuna, fragt o.fl., samtals kr. 112.000,00. Auk þessa 10% þjónustugjald til félagsins og 6,5% söluskattur, alls kr. 131.200,00.

Tekið hafi verið fram eftirfarandi:

„Verkinu verði skilað fullunnu á komandi hausti. Það er unnið fyrir Skipaskoðun ríkisins, sem greiðir reikninga fyrir einstaka liði verksins eftir því sem þeir berast. Kostnaðaráætlun þessi er ekki bindandi, en Geysismyndir skuldbinda sig til að spara svo sem unnt er við framkvæmd verksins hvaðeina, sem ekki skaði gæði þess. Verkið er eign Skipaskoðunar ríkisins jafnóðum og það er unnið.“

Síðan hafi skriflegur samningur verið gerður milli Skipaskoðunar og Geysismynda, en sá samningur hafi ekki fundist til þess að leggja fram í máli þessu, en hann hafi verið sambærilegur við samninga, sem félagið hafi á þessum tíma gert við aðra aðila um gerð kvikmynda, og fjallað um gerð myndarinnar og hvernig greiðslur færu fram og um réttindi yfir myndinni.

Stefnandi hafi verið fenginn til þess að gera handrit að myndinni, annast myndatöku, klippingu og tónsetningu. Hann sé því höfundur myndarinnar og stjórnandi og jafnframt framleiðandi. Um það hafi verið samið, að Skipaskoðunin, sem greitt hafi útlagðan kostnað við gerð myndarinnar, yrði eigandi að negatívu hennar og fengi þann rétt yfir verkinu, sem ekki væri viðskiptalegur („non-commercial“), þ.e. rétt til að sýna verkið án gjaldtöku í kvikmyndahúsum, á fundum, í skólum, á námskeiðum og samkomum, þar sem ekki væri seldur aðgangur. Stefnandi hafi því ekki afsalað höfundarétti sínum yfir verkinu í hendur neinum aðilja að undanskildum „non-commercial“ réttinum. „Commercial-réttinum“ hafi stefnandi haldið sjálfur, enda talið rétt að hætta á, að hann fengi tekjur fyrir vinnu sína af þeirri þóknun, sem greidd yrði fyrir sýningar myndarinnar á öðrum sviðum en þeim, sem réttur Skipaskoðunar ríkisins hafi náð til. Sjónvarpið hafi tekið til starfa árið 1966 og hafi það sýnt myndina árlega um árabíl og jafnan kynnt stefnanda sem höfund myndarinnar. Stefnandi hafi krafist forsvarsmenn stefnda ítrekað um greiðslur, en þeim hafi verið hafnað. Þó hafi greiðsluskyldu stefnda gagnvart stefnanda ekki verið formlega hafnað fyrr en á árinu 1979.

Stefnandi kveðst hafa dregið að höfða mál þetta til greiðslu þókunar sinnar annars vegar í þeirri von, að málið yrði leyst með samkomulagi, og hins vegar vegna þess, að hann hafi talið, að opinberar deilur fyrir dómstólum gætu kastað rýrð á myndina, sem ætlað sé að bjarga mannslífum, og gæti slíkt hafa orðið einhverjum að fjörtjóni. Svo virðist sem afstaða stefnda hafi byggst á því, að stefnandi hafi sjálfur ekki sýnt fram á, að eignarheimild að höfundarétti yfir myndinni og að fyrst þurfi að liggja fyrir dómsúrskurður um höfundarétt, áður en samið sé um greiðslur fyrir sýningar á henni. Stefnandi bendi því á, að sá, sem haldi því fram, að höfundaréttur að verki tiltekins manns sé ekki eign hans, heldur einhvers annars, hafi sönnunarbyrði fyrir slíkri staðhæfingu.

Stefnandi byggir á því, að þar sem hann hafi ekki afsalað sér höfundarétti á verki sínu að því er varði sýningar í sjónvarpi, þá eigi hann kröfu á hendur stefnda fyrir óleyfilegar sýningar í sjónvarpi og byggist aðild stefnda á 41. gr. 1. mgr. höfundalaga. Stefnanda sé óviðkomandi samningur stefnda og Skipaskoðunar ríkisins um sýningar, enda hafi það verið hlutverk stefnda að ganga úr skugga um það, hver væri höfundur og stjórnandi verksins og þá hvort sá aðili hefði afsalað sér sjónvarpsrétti eða öðrum slíkum rétti í hendur Skipaskoðunar ríkisins eða annarra.

Stefnandi tekur sérstaklega fram, að kröfur hans séu ekki að neinu leyti fyrndar. Hann hafi haft uppi kröfur á hendur stefnda þegar er ljóst var, að greiðslur kæmu ekki af sjálfsdáðum til hans eftir sýningar myndarinnar. Starfsemi stefnda hafi verið samfelld, en til vara sé byggt á 10 ára fyrning-

arfresti skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Fjárhæð dómkröfunnar sé byggð á lágmarksminútugjaldi í samningi stefnda við Félag kvikmyndagerðarmanna á verðlagi í október, nóvember og desember 1981. Myndin sé 11 mínútur og 40 sekúndur á lengd og sé stefndi krafinn um hálf gald fyrir tólf heimildarlausar sýningar, en stefndi hafi í máli þessu staðfest þennan fjölda sýninga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi tekur fram um málavexti, að kvikmyndin hafi verið tekin til sýninga í sjónvarpi að beiðni Skipaskoðunar ríkisins (síðar Siglingamálastofnunar ríkisins) án þess að nokkurt endurgjald væri fyrir það greitt. Siglingamálastjóri (áður skipaskoðunarstjóri) hafi hvað eftir annað lýst því yfir við stefnda, að stofnun hans væri eigandi kvikmyndarinnar og hefði óskoraðan rétt til þess að sýna myndina opinberlega, þ. á m. í sjónvarpi, og að enginn fyrirvari hafi verið gerður um yfirráðarétt Skipaskoðunarstofnunar yfir myndinni, þegar samið hafi verið um gerð hennar. Siglingamálastjóri hafi sjálfur samið kvikmyndahandrit að myndinni og taltexta með henni. Sérstakur skriflegur samningur um gerð kvikmyndarinnar hafi ekki verið gerður, heldur hafi verið samið munnlega á grundvelli dskj. nr. 20, kostnaðaráætlunar stefnanda. Hlutverk stefnanda við myndina hafi verið kvikmyndataka svo og klipping myndarinnar. En stjórn hennar, sé unnt að tala um eiginlega kvikmyndastjórn í þessu tilviki, hafi verið í höndum þeirra beggja, skipaskoðunarstjóra og stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þessum lagarökum:

Í fyrsta lagi bendir stefndi á, að vafi leiki á því, hver hafi verið hlutur stefnanda og hver hlutur Geysismynda h.f. við gerð kvikmyndarinnar. Greiðsla fyrir verkið hafi verið innt af hendi til Geysismynda h.f. og stefnandi hafi unnið að myndinni sem starfsmaður þess félags. Geysismyndir eigi því sakaraðild að máli þessu, en ekki stefnandi. Sé því þegar af þessari ástæðu krafist sýknu vegna aðildarskorts skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Í öðru lagi, að stefndi hafi tekið kvikmyndina til sýninga að beiðni Skipaskoðunar ríkisins og hafi ekki komið endurgjald fyrir á hvorugan veginn. Þetta hafi stefndi gert öðrum þræði vegna þess, að í 3. gr. gildandi útvarpslaga nr. 19/1971 segi, að Ríkisútvarpið skuli veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnamálum. Kvikmyndin hafi verið gerð gagngert í því skyni að kenna mönnum meðferð gúmmíbjörgunarbáta og þetta sé slysavarnamynd. Skipaskoðunarstjóri hafi lýst því yfir við forsvarsmenn stefnda, að stofnun sín ætti óskoraðan rétt yfir myndinni, og hafi stefndi ekki haft neina ástæðu til þess að efast um það. Enda hafi enginn, hvorki stefnandi né aðrir, krafist greiðslu úr hendi stefnda vegna

sýninga á myndinni í sjónvarpinu fyrr en liðin hafi verið rúm ellefu ár frá því myndin var fyrst sýnd í sjónvarpinu. Telji stefnandi sig eiga kröfu á hendur einhverjum aðilja vegna sýninga á kvikmyndinni, verði hann að snúa sér til síns upphaflega viðsejanda og sé hér því um aðildarskort að ræða.

Verði ekki fallist á sýknu vegna aðildarskorts, sé í þriðja lagi krafist sýknu vegna þess, að stefnandi eigi ekki rétt til sérstakra greiðslna vegna sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi. Stefnandi haldi því sjálfur fram, að óumdeilt sé í málinu, að Skipaskoðun ríkisins hafi greitt sér sem höfundu kvikmyndarinnar „fyrir sýningarrétt í bíóhúsum, skólum, námskeiðum og fundum þar sem ekki er seldur aðgangur“, og Skipaskoðunin hafi þar með eignast það, sem stefnandi kallar „vanalegan non-commercial“ rétt yfir kvikmyndinni. Þegar þessi greiðsla hafi verið innt af hendi, hafi íslenska sjónvarpið ekki verið tekið til starfa. Í ljósi þessa sé ekki unnt að túlka þennan samning milli stefnanda og Skipaskoðunar ríkisins öðruvísi en svo, að réttur Skipaskoðunar taki jafnt til sýninga í sjónvarpi sem annars staðar, séu sýningarnar án endurgjalds. Upplýst sé, eins og áður sé á bent, að engar greiðslur hafi verið inntar af hendi af stefnda til Skipaskoðunarinnar fyrir sýningu kvikmyndarinnar. Þótt afnotagjöld séu greidd til stefnda af eigendum sjónvarpstækja, renni þau ekki til Skipaskoðunar ríkisins (nú Siglingamálstofnunar). Einnig sé upplýst, að kvikmyndin hafi verið sýnd sem aukamynd á almennum kvikmyndasýningum í kvikmyndahúsum, án þess að sérstakt gjald hafi verið greitt fyrir, og að slíkar sýningar hafi falist í „non-commercial“ rétti eiganda myndarinnar, Skipaskoðunarinnar. Sýning myndarinnar í sjónvarpi án endurgjalds sé sambærileg við slíka sýningu í kvikmyndahúsi án endurgjalds og hljóti því að felast í „non-commercial“ rétti á sama hátt. Þannig sé sýnt, að Skipaskoðunin hafi með samningi við stefnanda haft rétt á að sýna kvikmyndina í sjónvarpi, ef það var án endurgjalds, og leiði þetta eitt sjálfkrafa til sýknu stefnda í máli þessu.

Þegar litið sé til ákvæða höfundalaga nr. 73/1972 um framsal höfundaréttar, gildi sú regla um kvikmyndaverk skv. 1. mgr. 41. gr. laganna, að framsal nái jafnan til eintakagerðar, útbreiðslu, opinberrar sýningar, hvers konar dreifingar til almennings um þráð eða þráðlaust og annarrar notkunar verksins, nema sannað sé, að um annað hafi verið samið. Stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að hann hafi bundið framsal sitt til Skipaskoðunar einhverjum takmörkunum. Í 2. mgr. 41. gr. sé gerð undantekning frá aðalreglunni í 1. mgr. að því er taki til tónverks, kvikmyndahandrits, samtalstexta og framlags leikstjóra. Stefndi haldi því fram, að vinna stefnanda við kvikmyndina geti ekki fallið undir neitt af þessu. Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri hafi samið bæði handrit að kvikmyndinni og texta

þann, sem hann hafi síðar lesið inn á myndina, og hann hafi stjórnað töku myndarinnar ásamt stefnanda, sem annast hafi tæknilega útfærslu af handriti skipaskoðunarstjóra og hina tæknilegu hlið myndatökunnar. Stefndi haldi því fram, að stefnandi hafi þannig ekki samið handrit að kvikmyndinni og ekki sé heldur unnt að líta á hlutverk hans sem framlag aðalleikstjóra í skilningi 2. mgr. 41. gr. höfundalaga. Stefndi geti því ekki byggt kröfu sína á 2. mgr. 41. gr. og beri að sýkna stefnda af þeirri ástæðu, verði ekki fallist á þær málsástæður aðrar, sem raktar hafi verið.

Stefndi bendir á tómlæti stefnanda máli sínu til stuðnings. Upplýst sé, að kvikmyndin hafi fyrst verið sýnd í sjónvarpi hinn 26. desember 1966 og síðan níu sinnum til viðbótar, áður en stefnandi hafi gert reka að kröfu sinni um greiðslu fyrir sýningu myndarinnar hinn 5. janúar 1978 í bréfi til menntamálaráðherra. Stefndi hafi allan þennan tíma mæta vel vitað af sýningum þessum án þess að aðhafast. Stefndi krefst þess, að þetta tómlæti stefnanda leiði eitt sér til sýknu, en bendir auk þess á, að tómlætið renni stoðum undir þá skoðun, að stefnandi hafi ekki litið á sig sem höfund kvikmyndarinnar. Í höfundarétti hafi tómlætið mikla þýðingu, þar sem höfundaréttur sé einkaréttur og menn verði sjálfir að halda honum fram, allur tími í slíkum málum komi þeim í óhag, sem halda vilji fram höfundarétti.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé varakrafa gerð um lækkun, bæði vegna fyrningar á þeim hluta krafna, sem lúti að sýningu kvikmyndarinnar fyrir 30. desember 1977, þ.e. níu af tólf, með vísan til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Einnig sé reiknigrundvelli þeim, sem stefnumörkun séu byggðar á, mótmælt sem röngum.

Niðurstaða.

1. Um aðild. Stefndi, Þorgeir Þorgeirsson, var félagi í Geysismyndum h.f., þegar til hans var leitað um gerð kennslumyndar um meðferð gúmmibjörgunarbáta af hálfu Skipaskoðunar ríkisins árið 1984. Af hálfu hlutafélagsins annaðist stefnandi að öllu leyti þau störf, sem unnin voru við gerð kvikmyndarinnar. Greiðsla fyrir verkið var innt af hendi til hlutafélagsins Geysismynda. Þar sem verklegt framlag hlutafélagsins til kvikmyndarinnar var í höndum stefnanda, og þar sem hvorki er í ljós leitt, að hlutafélagið hafi sérstaklega áskilið sér höfundarétt að verkinu né að stefnandi hafi afsalað hlutafélaginu höfundarétti sínum, verður að telja stefnanda réttan aðilja að máli þessu.

Stefndi beinir kröfum sínum að stefnda Ríkisútvarpinu vegna sýninga kvikmyndarinnar í sjónvarpi þess. Hann telur sýningar þessar hafa verið heimildarlausar og að stefndi eigi að greiða fyrir þær. Telja verður, að slík-

um kröfum sé réttilega beint að stefnda. Verða kröfur stefnda um sýknu vegna aðildarskorts því ekki teknar til greina.

2. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi sérstaklega áskilið sér rétt yfir sýningu kvikmyndarinnar í sjónvarpi.

Upplýst er og óumdeilt í málinu, að með samningi sínum við stefnanda og Geysismyndir h.f. hafi Skipaskoðun ríkisins eignast rétt til að sýna kvikmyndina án endurgjalds í kvikmyndahúsum, skólum, á námskeiðum og fundum, þar sem ekki var seldur aðgangur. Rétt þennan hefur stefnandi nefnt „venjulegan non-commercial rétt“ og til samanburðar skýrt „commercial“ rétt sem rétt til að „dreifa verkinu í hagnaðarskyni til borgandi aðila, svo sem sjónvarps og myndabandaleigu“ (dskj. 28).

Upplýst er, að engar greiðslur hafi komið fyrir sýningar á kvikmyndinni í sjónvarpi stefnda, hvorki til Skipaskoðunar ríkisins, Siglingamálastofnunar né annarra. Telja verður því, að skipaskoðunarstjóri hafi ekki í hagnaðarskyni fengið kvikmyndina sýnda í sjónvarpi stefnda, enda er myndin stutt kennslumynd til björgunar mannlífum. Allt að einu heldur stefnandi því fram, að sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi stefnda geti ekki talist „non-commercial“ sýningar, og virðast rök hans þau helst, að sjónvarp stefnda sé í sjálfu sér „borgandi aðili“ og að sýningar í því geti ekki falist í „non-commercial“ rétti.

Þegar litið er til eðlis kvikmyndar þeirrar, sem um er deilt í málinu, og til þess, sem upplýst er um samninga stefnanda og Skipaskoðunar ríkisins um gerð myndarinnar og samvinnu þeirra, verður að telja, að réttmætt hafi verið af skipaskoðunarstjóra að koma myndinni á framfæri til sýninga í sjónvarpi stefnda, þegar það tók til starfa, og að rétt hafi verið af stefnda að taka myndina til sýninga með hliðsjón af sérstakri skyldu stefnda í 3. gr. laga nr. 19/1971, enda hafi þar verið um viðtækari sýningar að ræða en í kvikmyndahúsum, skólum, á fundum og námskeiðum, en þó í þeim anda. Þar sem ekki verður talið í ljós leitt, að fyrir slíkar sýningar í sjónvarpi eigi stefndi út af fyrir sig að greiða án allra samninga eða annarra löggæringa, verður ályktað, að sýningar stefnda á kvikmyndinni hafi fallið undir þann „non-commercial“ rétt, sem stefnandi kveðst ekki hafa á hendi, og verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 14.000,00.

Gardar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorgeirs Þorgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 14.000,00.

Föstudaginn 22. mars 1985.

Nr. 64/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1985, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.